Vestmannaeyjum 08.06.2022

**Efni: Umsögn Vestmannaeyjabæjar um þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun árin 2022-2036, 563. mál.**

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis um ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun árin 2022-2036, 563. mál.

Í þingsályktunartillögunni er sett fram framtíðarsýn og meginmarkmið og lykilviðfangsefni skilgreind.

Mjög margt gott er í tillögunni og tekur Vestmannaeyjabær undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og lýsir ánægju með aðgerðaáætlunina með þessum 43 aðgerðum.

Mikilvægt er að forgangsraða þessum þörfu aðgerðum því ekki verður allt gert í einu. Leggur Vestmannaeyjabær ríka áherslu á byrjað verði á þeim markmiðum sem falla undir lið A, *Jafna aðgengi að þjónustu,* með áherslu á heilbrigðisþjónustu eins fram kemur í lið A. 3 á bls. 6-7. Inn í þessa aðgerð er hægt að tengja verkefni um sérhæfða sjúkraþyrlu á Suðurlandi sem er verkefni sem er tilbúið og myndi stórbæta ástandið í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi öllu, en það er ófjármagnað.

F.h. Vestmannaeyjabæjar

Íris Róbersdóttir, bæjarstjóri